

REGLUGERÐ

um vatnsveitu Suðureyrar í Súgandafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir einkarétt til umráða og starfrækslu á vatnsveitu þeirri, sem hreppurinn eignaðist samkvæmt afhendingarsamningi dags. 10. marz 1922, og sömuleiðis lækjarhúsinu, sem byggt var 1924 yfir uppsprettuna undir hjallabardinu.

Vatnsveitusvæðið er verzlunarlóð Suðureyrarkauptúns.

2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem lagðar eru og lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndarinnar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum vatnsveitunnar.

Eigi má nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa kauptúnsbúa, nema sérstaklega sé um samið.

Hreppsnefnd setur sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar.

3. gr.

Heimilt er umsjónarmanni að loka vatnsveitunni, eftir því sem þörf krefur, til viðgerðar, hreinsunar, nýlagningar eða vegna frosthættu, og skal hann jafnan auglýsa það með nægum fyrirvara.

4. gr.

Skýlt er vatnsæðaeigendum að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Þeir skulu sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki umsjónarmanns og með þeim umbúnaði, er hann telur tryggan. Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum íbúðarhúseignum á vatnsveitusvæðinu; skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðast við fasteignarmatsverð húsanna og má aldrei fara fram úr 6% af fasteignamatsverði á nokkurri húseign. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aðkomuskip, sem taka vatn úr vatnsveitunni, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, og verður það gjald einnig ákveðið í gjaldskránni.

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. maí og 1. október og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga. Vatnsskattur samkvæmt 2., 3. og 4. gr. gjaldskrárinnar, fellur í gjalddaga þegar krafist er. Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu nemur, þótt hún hafi áður verið ákveðið. Atvinnurekandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

7. gr.

Skytt er sérhverjum framleiðanda vatnsskattsskyldrar framleiðslu að hafa tilkynnt umsjónarmanni vatnsveitunnar fyrir 1. október ár hvert, hve miklu nemur framleiðsla hans af fiski, sild, lifur eða öðru, sem til greina kemur, og við árslok skal senda umsjónarmanni tilkynningu um slíka framleiðslu frá 1. október til 31. desember.

8. gr.

Vatnsskatt, sem eigi er greiddur á gjalddaga, má taka lögtaki hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu hans, og er hann tryggður lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði, sbr. lög nr. 15 1923, 22. gr. 4. lið.

9. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar og þeim, er hann hefir falið lagningar, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til að athuga þær, og tæki, sem eru í sambandi við þær.

10. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem þrátt fyrir áminningar vanrækja að gera við vatnsæðar sínar eða tæki í sambandi við þær, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt. Fullan vatnsskatt skal greiða þó vatnsæðum sé lokað af þessum ástæðum.

11. gr.

Af tekjum vatnsveitunnar skal árlega leggja í fyrningarsjóð hennar 2% af bókfærðu eignaverði vatnsveitunnar og mannvirkja, sem henni tilheyra.

12. gr.

Hver sem skemmir eða saugar vatnsæðar kaupsins, vatnsþróna, brunahana, lækjarhúsið eða önnur mannvirki, sem vatnsveitunni tilheyra, skal greiða skaðabætur eftir mati tveggja manna, útnefndra af hreppsnefndinni, og skal sæta sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsingu varði. Sama gildir um þann, er brýtur gegn einkarétti hreppsnefndar til vatnssölu, eða vanrækir tilkynningarskyldu samkv. 7. gr., hefir hitaleiðslur eða aðrar leiðslur, leyfislaut í sambandi við vatnsveituna eða vanrækir aðrar skyldur, er á honum hvíla samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numdar þær reglur um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatta, sem gilt hafa til þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.